

Lög

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

1. gr.

Í stað 1. og 2. másl. 12. gr. laganna kemur einn málsliður sem orðast svo: Þegar fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi fer ekki að ákvæðum laga þessara, laga um fjarskipti eða laga um pósthjónustu, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- Í stað „0,20%“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: 0,30%.
12. mgr. orðast svo:

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið að veita samkvæmt lögum þessum, lögum um fjarskipti og lögum um pósthjónustu. Heimilt er að taka gjald, sem miðast við kostnað, fyrir eftirfarandi þætti: skráningu fyrirtækja, útgáfu leyfisbréfa og skírteina, mælingar, innsiglanir og skoðun fjarskiptabúnaðar. Auk þess er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að taka gjald fyrir aðra þjónustu sem aðilar óska eftir. Við ákvörðun gjalda samkvæmt þessari grein skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyprtrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og upphalds sem af því leiðir.

3. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 14. gr. a og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjald fyrir tíðninkun.

Þeir aðilar sem fengið hafa heimild til að nota tíðnir til þráðlausra fjarskipta skulu greiða árlegt gjald til Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt því sem hér segir:

- Radíóstöðvar með skipa- og flugtíðnum.*
 - Með milli- og stuttbylgju (MF/HF) 6.400 kr.
 - Án milli- og stuttbylgju (aðeins VHF) 4.100 kr.

2. *Farstöðvarásir.*
- | | |
|---|------------|
| a. Fyrir hver 25 kHz á gjaldsvæði 1 | 63.000 kr. |
| b. Fyrir hver 25 kHz á gjaldsvæði 2 eða 3 | 12.600 kr. |
| c. Fyrir samnýttar rásir greiðist 25% af gjaldi skv. a- og b-lið eftir því sem við á. | |
| d. Aðilar að landssamtökum björgunarsveita greiða 25% af gjaldi skv. a- og b-lið. | |
3. *Jarðstöðvar.*
- | | |
|---|------------|
| a. Jarðstöðvar með sendiafl meira en 50 dBW | 25.100 kr. |
| b. Jarðstöðvar fyrir almenn fjarskiptanet | 25.100 kr. |
4. *Fastasambönd.*
- | | |
|---------------------------------------|------------|
| a. Grunnjald fyrir hvert fastasamband | 10.000 kr. |
| b. Að auki fyrir hvert MHz | 830 kr. |
5. *Almenn farsímanet (t.d. NMT, GSM, 3G).* Fyrir hvert MHz 256.500 kr.
6. *TETRA neyðar- og öryggisnet.* Fyrir hvert MHz 64.100 kr.
7. *Þráðlaus aðgangsnét.*
- | | |
|-----------------------------------|------------|
| a. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 1 | 33.800 kr. |
| b. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 2 | 22.500 kr. |
| c. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 3 | 2.300 kr. |
8. *Fyrir hverja rás í sjónvarpssendi.*
- | | |
|--|-------------|
| a. Gjaldsvæði 2, sendiafl 1 kW og meira | 119.000 kr. |
| b. Gjaldsvæði 2, sendiafl 100–999 W | 89.000 kr. |
| c. Gjaldsvæði 2, sendiafl minna en 100 W | 59.300 kr. |
| d. Gjaldsvæði 3, sendiafl 1 kW og meira | 29.700 kr. |
| e. Gjaldsvæði 3, sendiafl 100–999 W | 22.200 kr. |
| f. Gjaldsvæði 3, sendiafl minna en 100 W | 14.800 kr. |
- Ef sama rás er notuð í fleiri en einum sendi á sama gjaldsvæði ræður samanlagt sendiafl. Ekki skal taka gjald fyrir starfrækslu sjónvarpssenda með afl minna en 2W sem þjóna svæðum með færri en 100 íbúa.
9. *Fyrir hverja rás í hljóðvarpssendi.*
- | | |
|--|------------|
| a. Gjaldsvæði 2, sendiafl 1 kW og meira | 29.600 kr. |
| b. Gjaldsvæði 2, sendiafl 100–999 W | 22.200 kr. |
| c. Gjaldsvæði 2, sendiafl minna en 100 W | 14.800 kr. |
| d. Gjaldsvæði 3, sendiafl 1 kW og meira | 7.400 kr. |
| e. Gjaldsvæði 3, sendiafl 100–999 W | 5.600 kr. |
| f. Gjaldsvæði 3, sendiafl minna en 100 W | 3.700 kr. |
- Ef sama rás er notuð í fleiri en einum sendi á sama gjaldsvæði ræður samanlagt sendiafl. Ekki skal taka gjald fyrir starfrækslu hljóðvarpssenda með afl minna en 2W sem þjóna svæðum með færri en 100 íbúa.
- Gjaldsvæði sem tilgreind eru í 1. mgr. skulu afmörkuð sem hér segir:
- Gjaldsvæði 1: Allt landið.
 - Gjaldsvæði 2: Suðvesturland frá Suðurnesjum til Akraness.
 - Gjaldsvæði 3: Einstök svæði utan gjaldsvæðis 2.

Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari grein er 1. mars ár hvert fyrir notkun tíðna á því sama ári. Handhafi heimildar til tíðninothunar á gjalddaga er ábyrgur fyrir greiðslunni.

Miða skal greiðslu árlegra tíðnigjalda við þann dag þegar heimild til tíðninothunar tekur gildi, óháð því hvenær viðkomandi tíðni er tekin í notkun.

Ef heimild til tíðninkunar er gefin út eftir 1. mars ber að greiða árlegt tíðnigjald við útgáfu heimildarinnar og skal þá greiða í hlutfalli við það sem eftir er af árinu og telst útgáfumánuður heimildarinnar með sem heill mánuður.

Fyrir heimild sem gildir skemur en sex mánuði skal taka hálf árlegt gjald og fyrir heimild til að nota tíðnir til tilrauna greiðast 50.000 kr. Gjöld samkvæmt þessari málsgrein greiðast við útgáfu heimildar.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar sem annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Samþykkt á Alþingi 9. desember 2006.